



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# KLASSÍKIN OKKAR

## HEIMUR ÓPERUNNAR



**1. SEPTEMBER 2017**

---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á RÚV og á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

### Áætluð tímalengd:

Fyrri hluti: 48'

Seinni hluti: 48'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

### Aðalstyrktaraðili:

# GAMMA

---

# KLASSÍKIN OKKAR – HEIMUR ÓPERUNNAR

Í fyrrahaust hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands í samstarfi við RÚV tónleika með yfirskriftinni „Klassíkin okkar“, þar sem landsmenn gátu valið eftirlætis klassísku tónverkin sín sem síðan voru flutt á sérstökum sjónvarpstónleikum í Eldborg. Tónleikarnir þóttu heppnast einkar vel og því var ákveðið að endurtaka leikinn, nú í samstarfi við Íslensku óperuna og með áherslu á tónlist úr óperum.

Efnt var til netkosningar þar sem allir landsmenn gátu valið eftirlætis óperuaríurnar sínar. Netkosningunni lauk 17. júní síðastliðinn og þá lá fyrir hvaða aríur höfðu fengið flest atkvæði. Sú aría sem flest atkvæði hlaut í kosningunni var hin seiðandi Habanera úr *Carmen* eftir Georges Bizet, en í öðru sæti var hin vinsæla tenórarái Nessun dorma úr *Turandot* eftir Puccini. Á „kjörseðlinum“ voru 42 aríur og dúettar, en einnig gátu þátttakendur bætt við eftirlætis aríum að eigin vali þegar atkvæði var greitt. Sú aría sem hlutskörpust var í þessum reit kosningarinnar var Nautabanasöngurinn úr *Carmen*, sem hlýtur því að teljast vinsælasta ópera Íslands um þessar mundir. Þegar efnisskráin lá fyrir var bætt við tveimur hljómsveitarþáttum og tveimur kórum, til að gefa bæði fjölbreytni og betri heildarsvíp. Því hljóma í kvöld ótal gullmolar óperubókmenntanna: aríur, dúettar, kórþættir og hljómsveitarkaflar, og spannar allt frá barokktímanum til 20. aldar.

Góða skemmtun!



TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# KLASSÍKIN OKKAR – HEIMUR ÓPERUNNAR

---

**Daníel Bjarnason**  
hljómsveitarstjóri

---

**Dísella Lárusdóttir**  
sópran

---

**Hallveig Rúnarsdóttir**  
sópran

---

**Sigrún Hjálmtýsdóttir**  
sópran

---

**Suzanne Fischer**  
sópran

---

**Póra Einarsdóttir**  
sópran

---

**Hildigunnur Einarsdóttir**  
mezzósópran

---

**Sigríður Ósk  
Kristjánsdóttir**  
mezzósópran

---

**Elmar Gilbertsson**  
tenór

---

**Ólafur Kjartan  
Sigurðarson**  
barítón

---

**Kristinn Sigmundsson**  
bassi

---

---

## EFNISSKRÁ

Georges Bizet  
**Carmen, forspil** (1875)

Gaetano Donizetti  
**Una furtiva lagrima** úr *Ástardrykknum* (1832)  
Elmar Gilbertsson

George Gershwin  
**Summertime** úr *Porgy og Bess* (1935)  
Hallveig Rúnarsdóttir

Pjotr Tsjajkovskij  
**Ljúbij fse vosrastij pokornij** úr *Evgení Onégín* (1879)  
Kristinn Sigmundsson

Georges Bizet  
**Votre toast** úr *Carmen* (1875)  
Ólafur Kjartan Sigurðarson

Leo Delibes  
**Blómadúettinn** úr *Lakmé* (1883)  
Hallveig Rúnarsdóttir og Sigríður Ósk Kristjánsdóttir

Giuseppe Verdi  
**Va, pensiero, þrælakórinn** úr *Nabucco* (1842)

Giacomo Puccini  
**O mio babbino caro** úr *Gianni Schicchi* (1918)  
Dísella Lárusdóttir

Giacomo Puccini  
**Nessun dorma** úr *Turandot* (1921–26)  
Elmar Gilbertsson

---

---

**Kór Íslensku óperunnar**  
**Magnús Ragnarsson**  
kórstjóri

---

**Óperukórinn í Reykjavík**  
**Karlakór Kópavogs**  
**Garðar Cortes**  
kórstjóri

---

**Halla Oddný**  
**Magnúsdóttir**  
**Guðni Tómasson**  
kynnar

---

**Kolbrún Halldórsdóttir**  
leikstjórn

---

## HLÉ

Henry Purcell  
**When I am laid in earth** úr *Dido and Aeneas* (um 1685)  
Hildigunnur Einarsdóttir

Wolfgang Amadeus Mozart  
**Der Hölle Rache, aria Næturdrottningarinnar** úr  
*Töfraflautunni* (1791)  
Suzanne Fischer

Wolfgang Amadeus Mozart  
**Pa-pa-gena...Pa-pa-geno** úr *Töfraflautunni*  
Sigrún Hjálmtýsdóttir og Ólafur Kjartan Sigurðarson

Antonín Dvořák  
**Söngur til mánans** úr *Rusólku* (1901)  
Þóra Einarsdóttir

Richard Wagner  
**Pílagrímakórinn** úr *Tannhäuser* (1845)

Pietro Mascagni  
**Intermezzo** úr *Cavalleria rusticana* (1890)

Georges Bizet  
**Au fond du temple saint** úr *Perluköfurunum* (1863)  
Elmar Gilbertsson og Ólafur Kjartan Sigurðarson

Georges Bizet  
**Habanera** úr *Carmen* (1875)  
Sigríður Ósk Kristjánsdóttir

Giuseppe Verdi  
**Libiamo ne' lieti calici** úr *La traviata* (1853)  
Þóra Einarsdóttir og Elmar Gilbertsson

---



---

## DANÍEL BJARNASON

**D**aníel Bjarnason stundaði nám við Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi árið 2003. Hann stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004–2007 og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn. Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fílharmoníuhljómsveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljómsveit BBC í Skotlandi, Residentie-hljómsveitina, Ulster-hljómsveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í Kraká. Hann er mikils metið tónskáld og hefur gefið út þrjú hljómdiska hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012) og *Over Light Earth* (2013). Í ágúst mánuði voru frumflutt eftir Daníel tvö ný verk, óperan *Brothers* í Árósum og nýr fiðlukonsert í Hollywood Bowl, sem var pantaður af Fílharmoníuhljómsveit Los Angeles og Sinfóníuhljómsveit Íslands, og frumfluttur af Pekka Kuusisto og fyrrnefndu sveitinni undir stjórn Gustavos Dudamel.

Daníel Bjarnason er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir margþættu hlutverki bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld, ásamt því að sitja í verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar og stýra tónskáldastofu.



---

## DÍSELLA LÁRUSDÓTTIR

**D**ísella Lárusdóttir þreytti frumraun sína hjá Metropolitan óperunni í New York í mars 2013 en síðan þá hefur hún starfað ár hvert við húsið og fengið að spreyta sig í sjö öðrum óperuuppfærslum á þessu merka sviði. Þess má geta að tvær af uppfærslunum sem hún söng í, *Francesca da Rimini* eftir Riccardo Zandonai og *Rúsalka* eftir Dvořák voru sýndar í beinni útsendingu um allan heim í svokallaðri HD Live sýningu. Dísella hefur víða komið fram sem einsöngvari, meðal annars í Carnegie Hall í New York og Walt Disney Hall í Los Angeles, ásamt fjölda tónlistarhátíða í Bandaríkjunum. Dísella mun stíga á svið Metropolitan-óperunnar aftur eftir áramót í hlutverkum Gianettu í *Ástardrykk* Donizettis og sem blómamær í *Parsifal* eftir Wagner. Einnig þreytti Dísella nýverið frumraun sína á sviði í Evrópu (utan Íslands) þegar hún fór með hlutverk Lulu í samnefndri óperu eftir Alban Berg í Rómaróperunni.



---

## ELMAR GILBERTSSON

**E**lmar Gilbertsson útskrifaðist frá Söngskóla Sigurðar Demetz vorið 2007. Eftir það lá leiðin til Amsterdam í Hollandi þar sem hann nam óperusöng við Tónlistarháskólann í Amsterdam og Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag. Kennarar hans þar voru Jón Þorsteinsson og Peter Nilson. Elmar hefur starfað við Óperustúdíó Hollensku óperunnar og óperuna í Maastricht í Hollandi, ásamt lausráðningum við óperuhús víðsvegar um Evrópu. Elmar hefur m.a. sungið og túlkað Tamino í *Töfraflautunni*, Don Ottavio í *Don Giovanni*, Elvino í *La sonnambula* og hertogann í *Rigoletto* eftir Verdi. Elmar hefur tvívegis hlotið Grímuverðlaunin í flokknum söngvari ársins og íslensku tónlistarverðlaunin 2014 og 2016 sem söngvari ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar, þau síðari fyrir túlkun sína á Lensky í *Évgení Onegin*.



---

## HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR

**H**allveig Rúnarsdóttir hefur sungið mörg óperuhlutverk á fjölbreyttum ferli sínum. Meðal stærstu hlutverka hennar eru Donna Anna í *Don Giovanni* eftir Mozart, Michaëla í *Carmen* eftir Bizet og Fiordiligi í *Così fan tutte* eftir Mozart. Hún hefur komið fram sem einsöngvari víða um heim og hefur sungið margoft með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk fjölda annarra hljómsveita bæði hér á landi og erlendis. Hallveig hefur verið virk í flutningi nýrrar tónlistar og hefur frumflutt mörg ný íslensk verk, þar af nokkur sem hafa verið samin fyrir hana. Hún hefur einnig haldið fjölda einsöngstónleika á Íslandi og víðar um Evrópu þar sem hún hefur lagt áherslu á ljóðasöng. Hallveig hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona ársins 2013 fyrir hlutverk sitt sem Michaëla í *Carmen* og hefur tvívegis hlotið tilnefningu eftir það til sömu verðlauna. Hún hefur einnig verið tilnefnd tvisvar sem söngvari ársins á Grímuverðlaunum.



---

## HILDIGUNNUR EINARSDÓTTIR

**H**ildigunnur Einarsdóttir lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík 2010 undir handleiðslu Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og Signýjar Sæmundsdóttur. Síðar stundaði hún framhaldsnám í Þýskalandi og Hollandi hjá Janet Williams og Jóni Þorsteinssyni. Hildigunnur lauk nýverið B.A. prófi í skapandi tónlistarmiðlun frá Listaháskóla Íslands. Hildigunnur stjórnar kórum og leiðir tónlistarsmiðjur um allt land og syngur m.a. með Schola cantorum og Kór Íslensku óperunnar. Hildigunnur kemur reglulega fram sem einsöngvari hérlendis sem erlendis og af nýlegum verkefnum má nefna *Messías* og *Judas Maccabeus* eftir Händel, *Jóhannesarpassíuna* og *Jólaóroriuna* eftir Bach, *Guðbrandsmessu* eftir Hildigunni Rúnarsdóttur og *Petite messe solenne* eftir Rossini. Á næstunni mun hún m.a. syngja *Jóhannesarpassíuna* í Færeyjum og *Matteusarpassíuna* í Hofi á Akureyri. Hildigunnur var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2014 fyrir túlkun sína á sönglögum Karls O. Runólfssonar með kammerhópnum Kúbus.





---

## KRISTINN SIGMUNDSSON

**K**ristinn Sigmundsson er einn ástsælasti söngvari íslensku Þjóðarinnar og stendur nú á hátindi ferils síns. Hann hefur komið fram í flestum stærstu tónlistar- og óperuhúsum heims og nægir þar að nefna La Scala í Milánó, Ríkisóperuna í Vínarborg, Þjóðaróperuhúsin í París og Metropolitan óperuna í New York. Hann hefur tekið þátt í ýmsum hljóðritunum með erlendum hljómsveitum, m.a. *Töfraflautunni* og *Don Giovanni* með hljómsveit Drottningholm-óperunnar og *Matteuspassíu* og *Jóhannespassíu* Bachs með Orchestra of the Eighteenth Century. Kristinn söng einnig nýlega í uppfærslu og hljóðritun á óperunni *The Ghosts of Versailles* eftir John Corigliano, sem hlaut Grammy verðlaunin 2016 sem óperuhljóðritun ársins.

**M**eðal annarra viðurkenninga sem hann hefur hlotið eru Philadelphia Opera Prize og Opernwelt-verðlaunin í Belvedere óperusöngvarakeppninni í Vínarborg árið 1983 og Íslensku tónlistarverðlaunin 1995, 2010, 2011, Grímuverðlaunin sem söngvari ársins 2016 og Heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna 2016. Kristinn hlaut riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 1995.



---

## ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON

**Ó**lafur Kjartan Sigurðarson er íslenskum tónleika- og óperugestum að góðu kunnur, en hann var fastráðinn söngvari við Íslensku óperuna 2001–2004. Hann nam við Söngskólann í Reykjavík hjá Guðmundi Jónssyni og Ólafi Vigni Albertssyni, við Royal Academy of Music og við Royal Scottish Academy of Music and Drama. Af fjölda mörgum hlutverkum hans á liðnum misserum eru barítónhlutverk í óperum eftir Verdi, Puccini og Wagner hvað mest áberandi: Macbeth, Iago, Renato, Falstaff, Scarpia, Jack Rance, Telramund, Alberich, Klingsor, Hollendingurinn fljúgandi og síðast en ekki síst Rigoletto, en fyrir það hlutverk hlaut hann Grímuverðlaunin árið 2011. Af hlutverkum sem bíða Ólafs Kjartans má nefna Scarpia, Rigoletto, Falstaff, Hollendinginn fljúgandi og Wozzeck hjá óperuhúsum beggja vegna Atlantsála.



---

## SIGRÍÐUR ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR

**S**igríður Ósk Kristjánsdóttir mezzsópran syngur reglulega í óperum, óratoríum og á ljóðatónleikum héraendis og erlendis. Hún hefur sungið yfir tuttugu óperuhlutverk, m. a. í *Love and other Demons* hjá Glyndebourne-óperunni undir stjórn Vladimirs Júrovskíj, *Jakob Lenz* hjá English National Opera, *Valkyrjunum* hjá LidalNorth Norske Opera, *Teseo* hjá English Touring Opera og hlutverk Rosinu í *Rakaranum frá Sevilla* eftir Rossini hjá Íslensku óperunni. Sigríður lauk söng- og píanókennaranámi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, Artist Diploma og meistaraþráðu frá Royal College of Music í London. Hún sækir nú tíma hjá Sigríði Ellu Magnúsdóttur. Sigríður Ósk hefur sungið í virtum tónleikasölum eins og Royal Albert Hall, King's Place og Cadogan Hall í London, þar söng hún ásamt Dame Emma Kirkby en tónleikunum var útvarpað á Classic FM. Sigríður er meðlimur í tónlistarhópnum Symhonia Angelica sem flutti barokkdagskrána Lucrezia á Listahátíð 2016. Sigríður var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2016 og 2017.



---

## SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR

**S**igrún Hjálmtýsdóttir átti farsælan feril sem dægurlaga-söngkona áður en áhugi á sigildum söng tók yfirhöndina. Hún nam sönglist í London og á Ítalíu, vann til verðlauna og hefur verið sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu og ljónaorðu finnska ríkisins. Oftsinnis hefur hún verið valin söngkona ársins, nú síðast 2012 fyrir hlutverk Nætur-drottningarinnar. Diddú hefur hljóðritað tæplega 100 hljómpatna og -diska gegnum tíðina. Hlutverk hennar á óperusviðinu eru ófá og hefur hún sungið í stærstu sölum heimsins, t.d. í Egginu og Gömlu keisarahöllinni í Peking, Carnegie Hall, Barbican, Gnessin og Tsjajkovskíj-sölunum og í Kreml í Moskvu, Fílharmóníunni í Sankti Pétursborg, Rudolfinum í Prag, St. Martin-in-the-Fields auk tónleikasala í Frakklandi, Kanada, á Ítalíu, í Austurríki, Japan og víðar. Hún hefur átt farsælt samstarf með karlakórum landsins og margoft sungið á tónleikum S.Í. Sigrún hefur í leikið í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Árið 2001 hélt hún stórtónleika í Laugardagshöll ásamt José Carreras og kom fram, ásamt Ólafi Kjartani Sigurðarsyni, með Plácido Domingo í Egilshöll 2005.



---

## SUZANNE FISCHER

**B**reska sópransöngkonan Suzanne Fischer hefur unnið til fjölmargra verðlauna á síðustu árum. Meðal þeirra má nefna Oxford Lieder Young Artist Platform árið 2016 og Pavarotti verðlaunin í Viotti söngkeppninni á Ítalíu. Árin 2014 og 2015 fékk hún nafnbótina „A Britten Pears Young Artist“. Fischer hefur komið fram á fjölmörgum óperusviðum heims, til dæmis í Glyndbourne-óperuhátíðinni og hjá Þýsku óperunni í Berlín en meðal hlutverkanna eru Gilda í *Rigoletto*, Sophie í *Rósarriddaranum* og Konstansa í *Brottnáminu úr kvennabúrinu*. Efnisskrá Fischer telur meðal annars verk eftir Mozart, Haydn, Schubert, Schumann, Liszt, Berlioz, Brahms, Wolf, Strauss, Boulanger, Debussy, Messiaen, Britten og Oliver Knussen. Auk óperu- og ljóðasöngs kemur hún reglulega fram í kirkjulegum verkum.



---

## ÞÓRA EINARSDÓTTIR

**Þ**óra Einarisdóttir sópransöngkona stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík og Guildhall School of Music and Drama. Hún steig fyrst á svið Íslensku óperunnar 18 ára gömul í einsöngshlutverkum í *Rigoletto* og *Töfraflautunni* og kom fram sem einsöngvari á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1995 á meðan hún var enn í námi. Hún var fastráðin við óperuhúsið í Wiesbaden í Þýskalandi um sjö ára skeið og hefur sungið við fjölmörg óperuhús um gjörvalla Evrópu. Þóra kemur reglulega fram á tónleikum á Íslandi og erlendis. Meðal hljómsveitarstjóra sem Þóra hefur unnið með eru Sir Neville Marriner, Osmo Vänskä og Vladimir Ashkenazy. Á ferli sínum hefur Þóra hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir söng og framlag sitt til tónlistar m.a. Dannebrog-orðuna og hina íslensku fálkaorðu. Þóra hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2016, fyrir flutning sinn á tveimur verkum Sibelíusar með Sinfóníuhljómsveit Íslands, og árið 2017 fyrir túlkun á Tatjönu í *Évgení Onegin* eftir Tsjajkovskij.

---

## KÓR ÍSLENSKU ÓPERUNNAR

**K**órinn er einn af burðarstöðum Íslensku óperunnar og hefur unnið marga listræna sigra í uppfærslum hennar bæði í leik og söng. Söngvarar kórsins eiga langt söngnám að baki og búa yfir mikilli sviðsreynslu. Einsöngvarar úr röðum kórsins hafa tekið að sér hlutverk í uppfærslum Íslensku óperunnar auk þess sem margir söngvaranna eru virkir flytjendur í íslensku tónlistarlífi. Valið er í kórinn af mikilli kostgæfni og fer fyrsöngur fram á þriggja ára fresti. Kórinn hefur gegnt lykilhlutverki Íslensku óperunnar frá upphafi og er mjög mikilvægur þáttur í starfsemi hennar. Stjórnandi er Magnús Ragnarsson.

---

## ÓPERUKÓRINN Í REYKJAVÍK

**Ó**perukórinn hefur skapað sér sterkan sess í íslensku tónlistarlífi og hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda og áheyrenda. Garðar Cortes stofnaði kórinn árið 1973 og hefur stjórnað honum frá upphafi, fyrst sem Kór Söngskólans í Reykjavík, 1979–2003 sem Kór Íslensku óperunnar og nú sem Óperukórnum í Reykjavík. Kórinn hefur staðið að umfangsmiklu tónleikahaldi, mannaði öll verkefni á óperusviði Íslensku óperunnar frá upphafi til 2004, og hefur sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Kórinn hefur farið í tónleikaferðir víða um Evrópu og í tvígang hefur hann sungið á aðalsviði Carnegie Hall í New York. Meðal hlutverka kórsins á sviði má nefna *Don Giovanni*, *Brúðkaup Figarós*, *La traviata*, *Il trovatore*, *La Bohème* og *Hollendinginn fljúgandi*. Þá hafa komið út á hljómdiskum m.a. Sálumessa Verdis og 9. sínfónía Beethovens þar sem kórinn syngur með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

---

## KARLAKÓR KÓPAVOGS

**K**arlakór Kópavogs var stofnaður 2002 og hefur síðan haldið tónleika árlega og stundum tvisvar á ári. Kórinn hefur tekið þátt í margvíslegum öðrum verkefnum á tónlistarsviðinu. Þannig hefur kórinn sungið með á jólatónleikum Kristjáns Jóhannssonar og á tónleikum með Kristni Sigmundssyni, Óperukór Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Íslands svo dæmi séu tekin. Karlakór Kópavogs tók einnig þátt í uppsetningu á leikverkinu *Njálu* í Borgarleikhúsinu í leikstjórn Þorleifs Arnarsonar. Í tilefni 10 ára afmælis kórsins heimsótti kórinn vini okkar og frændur í Færeyjum í október 2012. Kórstjóri er Garðar Cortes.

---

# UM EFNISKRÁNA

## Georges Bizet

*Carmen*, forspil

Votre toast úr *Carmen*

Habanera úr *Carmen*

Au fond du temple saint úr *Perluköfurunum*

Óperusagan er uppfull af spennandi hlutverkum bæði fyrir karl- og kvensöngvara en líklega eru fá jafn safarík til að móta á sviði og *Carmen* í óperu franska tónskáldsins Georges Bizet (1838–1875). Margt í óperunni vakti hneykslun þegar *Carmen* var frumsýnd í París árið 1875 skömmu áður en Bizet lést. Léttlyndi og þaður sígaunastúlkunnar *Carmen*, sem vinnur við sigarettuframleiðslu, og harmrænn dauði hennar fóru meðal annars fyrir brjóstið á áhorfendum. Þessi vinsæla ópera var lengi að slá í gegn og naut tónskáldið aldrei þeirrar gríðarlegu hylli sem hún skapaði honum.

Habanera, aría *Carmenar* úr fyrsta þætti, er í kúbönskum danstakti og þessi aría reyndist hlutskörpust í netkosningu fyrir tónleika kvöldsins. Hér er tónninn sleginn og greinilegt að mikið háskakvendi er á ferð. Bizet taldi sig vera að notast við spænskt þjóðlag í aríunni en stefið reyndist vera úr smíðju tónskálds sem hét Sebastián Yradier. *Carmen* lýsir glímunni við ástina sem flestir reyna að höndla í lífinu, en varar um leið við því að ekki sé á allra færi að reyna að ná ástum hennar. Einn þeirra sem þráir *Carmen* er nautabaninn sigursæli Escamillo. Í frægri aríu lýsir hann sinni hetjulegu baráttu í nautaatshringnum og telur ljóst að ástin hljóti að biða slíks meistara sem hann telur sig vera. Söngur nautabanans reyndist sú aría sem flestir bættu við val sitt í kosningunni og var henni því bætt á efnisskrána.

Að semja vel heppnaða dúetta er sérstök list, þar sem raddirnar verða að blandast vel saman. Þetta tekst Bizet einkar vel í dúettinum fræga úr *Perluköfurunum*. Á eyjunni Ceylon, sem í dag heitir Sri Lanka, starfa þeir Nadir og Zurga við þá heillandi iðju að fiska perlur upp úr djúpunum en svo illa vill til að þeir eru ástfangnir af sömu konunni, Brahmagyðjunni Leilu. Í þessum fallega dúetti syngja þeir um ást sína og mikilvægi þess að láta konu ekki koma upp á milli þeirra. Þegar hér er komið sögu er nóg eftir af óperunni og ekki öll kurl komin til grafar enn.

## Gaetano Donizetti

*Una furtiva lagrima* úr *Ástardrykknum*

Eftir ítalska tónskáldið Gaetano Donizetti (1797–1848) liggja nærri 70 óperur. Á fyrri hluta ferilsins naut hann einkum hylli fyrir gamanóperur en síðar urðu efnistökin dramatískari. *Ástardrykkurinn*, frá árinu 1832, er í léttari kantinum. Verkið snýst

---

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

*Carmen* hefur alloft verið flutt á Íslandi í ýmsum gerðum. Hún heyrðist fyrst hér á landi á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í Austurbæjarbíói árið 1958 og var þá sýnd margoft fyrir fullu húsi og var stærsta verkefni sem hljómsveitin hafði ráðist í fram að því. Aðalhlutverk voru í höndum Stefáns Íslandi og bandarísku söngkonunnar Gloria Lane. *Carmen* var einnig sýnd í Þjóðleikhúsinu 1975 og Íslensku óperunni 1984 og fór Sigríður Ella Magnúsdóttir með hlutverk *Carmen* í bæði skiptin. Þá var *Carmen* sett upp í Borgarleikhúsinu 2006 og í Hörpu (ÍÓ) 2013. Sinfóníuhljómsveitin hefur sömuleiðis flutt verkið á tónleikum árin 2001 og 2007.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Kvikmyndaútgáfa af

Ástandrykk Donizettis var sýnd í Austurbæjarbíói árið 1954, þar sem hinn heimskunni Tito Gobbi fór með hlutverk Belcores, og því hafa margir Íslendingar væntanlega kynnst óperunni á hvíta tjaldinu. Óperan var sett á svið í Tjarnarbæ árið 1967 í íslenskri þýðingu Guðmundar Sigurðssonar, af nemendum Söngskólans í Reykjavík 1986 og hjá Tónlistarskóla Akureyrar 1993. Hún hefur tvisvar verið færð upp hjá Íslensku óperunni, í fyrra skiptið 1998 með Diddú og Roberto Iuliano í aðalhlutverkum, og aftur 2009 en þá fóru Dísella Lárusdóttir og Garðar Thor Cortes með hlutverk Adinu og Nemorinos.



auðvitað um leitina að ástinni og þar er frægasta arían frábært dæmi um svokallaða *rómönsu*.

Hinn bláfátæki sveitapiltur Nemorino er ástfanginn langt upp fyrir sig, af hinni fögru og auðugu Adinu. Hann er langt leiddur og jafnvel tilbúinn til að drekka sérstakan ástandrykk til að vinna hug hennar. Nemorino útvegar sér glundrið sem auðvitað reynist bara vera vín, en það hefur svo sem virkað ágætlega í þessum efnum um aldir. Hér er Nemorino nýbúinn að fá sér sopa í annað sinn og telur sig loksins hafa fengið sönnun þess að Adina elski hann. Hann syngur um tár á hvörum hennar og hrópar nánast upp yfir sig af gleði: „Hún elskar mig!“

## George Gershwin

Summertime úr *Porgy og Bess*

**B**andaríska tónskáldið George Gershwin (1898–1937) fór langt út fyrir þægindarammann þegar hann samdi óperuna *Porgy og Bess*. Þegar óperan var frumflutt um miðjan fjórða áratug 20. aldar var umfjöllunarefni hennar eldfimt og er það raunar enn. Við fyrstu uppfærsluna voru söngvararnir líka allir þeldökkir, en slíkt var algjör nýlunda í heimi sígildrar tónlistar.

Óperan greinir frá harðri lífsbaráttu í Charleston í Suður Karólínu en þar reynir Porgy, sem er fatlaður betlari, að koma sinni heittelskuðu Bess í skjól undan kúgun og eiturlyfjum. Langþekktasti hluti verksins er samt söngurinn um sumarið sem hljómar strax í upphafi óperunnar. Tónlistin skapar alveg réttu stemninguna. Gershwin tekst að láta kæfandi sumarhitann verða nærri áþreifanlegan þar sem ung móðir, Clara að nafni, situr og syngur vögguvísu fyrir barnið sitt.

## Pjotr Tsjajkovskíj

Ljubíj fse vostrastíj pokorníj, aría Gremíns úr *Evgení Onégin*


**F**á tónskáld hafa samið tónlist sem er jafn hlaðin af heitum tilfinningum og Rússinn Pjotr Tsjajkovskíj (1840–1893). Hann átti líka einstaklega auðvelt með að setja saman eftirminnilegar laglínur og aría Prins Gremíns úr *Evgení Onégin* er frábært dæmi um það. Óperan segir frá hópi yfirstéttarfólks í rússneskri sveit þegar ókunnugur herramaður kemur í heimsókn og reynist örlagavaldur í lífi fólksins á herragarðinum. Í aríu Gremíns er völdugri bassaróddinni teft fram á móti safaríkum strengjum, plökki dýpri strengjahljóðferanna og finlegum vefnaði blásturshljóðferanna. Arían er óður til ástarinnar. Prinsinn lýsir því hvernig eiginkona hans Tatjana hefur komið inn í líf hans og fyllt það ást og hamingju.



## Leo Delibes

Blómáduettinn úr *Lakmé*

**F**ranska tónskáldið Leo Delibes (1815–1910) fór aldrei til Indlands en þar gerist samt óperan *Lakmé* sem var síðasta óperan sem hann lauk við á ævinni og sú sem haldið hefur nafni hans á lofti. Í verkinu fylgjumst við með ástum Lakmé, dóttur Brahma-prests, og Gerald sem er foringi í her bresku herrahjóðarinnar. Á þessum tíma var áhugi vestrænna tónskálda á framandi slóðum mikill og oft var leitað af yrkisefni í fjarlægum löndum sem sýndu fram á það sakleysi sem Vesturlönd áttu að hafa tapað. Í Blómáduettinum vefjast tvær sópranaddir listilega saman þegar Lakmé og þerna hennar syngja um lystisemdir garðsins þar sem þær ganga um. Það er auðvelt að sjá fyrir sér hvítu jasmínblómin og rósirnar sem spretta allt í kring um þær.



## Giuseppe Verdi

Va, pensiero, þrælakórinn úr *Nabucco*

Libiamo ne' lieti calici úr *La Traviata*

**G**iuseppe Verdi (1813–1901) var goðsögn í lifanda lífi, þjóðhetja og sameiningartákn í heimalandi sínu, Ítalíu. Þó að hinar geysivinsælu óperur Verdis, sem fylla nærri fjóra tugi, skarti fjölmörgum velþekktum aríum og hópatriðum nýtur þrælakórinn úr óperunni *Nabucco* sérstakrar stöðu í höfundarverkinu. Óperan staðfesti snilli tónskáldsins fyrir ítölskum óperuunnendum en þó að hún greini frá ástum og stjórnmalavafstri þá eru í bakgrunni raunir gyðinga sem verða fyrir barðinu á Nabucco (eða Nebúkadnesari), konungi Babilóníu. Á þeim tímum þegar sameining og frelsisbarátta Ítalíu stóð yfir þótti kór hebresku þrælanna ríma vel við pólitíska baráttu samtímans, jafnvel svo mjög að síðar var stungið upp á að kórinn yrði hafður sem þjóðsöngur landsins.

Óperan *La Traviata* er ein allra vinsælasta ópera heims og aftur og aftur heilla ástir og örlög Violettu og Germonts óperuunnendur upp úr skónum. Þó að harmrænn dauði Violettu liggja í loftinu nánast frá upphafi verksins þá er hér gripið niður í óperuna þegar allt leikur í lyndi. Ungu parið lyftir glösum í veislu með vinum sínum og gleðin er við völd. Þau syngja um áhyggjuleysi og fegurð sem alla þyrstir í. Lífinu er lifað í botn, jafnvel þó að harmurinn leynist handan við hornið.



## Giacomo Puccini

O mio babbino caro úr *Gianni Schicchi*  
Nessun dorma úr *Turandot*

**F**á óperutónskáld njóta eins mikilla vinsælda í samtímanum og Giacomo Puccini (1858–1928), en á efniþrá kvöldsins heyrum við tvær frægar aríur úr síðustu óperum hans. *Gianni Schicchi* er síðasta óperan í þrileik tónskáldsins sem frumfluttur var árið 1918. Óperurnar þrjár eru allar ólíkar en *Gianni Schicchi* er gamanópera byggð á atviki úr *Gledileiknum guðdómlega* eftir Dante. Það er Lauretta dóttir aðalsöguhetjunnar, sem hér syngur til föður síns og reynir að sannfæra hann um að leyfa sér að elska ungan mann, að öðrum kosti sé hún líkleg til að kasta sér í ána Arno í örvinglan sinni.

Óperunni *Turandot*, sem gerist við hirð keisarans í Kína, náði Puccini ekki að ljúka áður en hann féll frá. Í hinni geysivinsælu aríu *Nessun dorma*, sem prinsinn Calaf syngur á orlagastundu í flóknum söguþræði óperunnar, segir hann að enginn muni sofa í Peking þessa nótt. Calaf segir að hann muni aðeins koma upp um sitt rétta nafn með kossi á varir prinsessunnar sem hann elskar. Árum saman var *Turandot* þyrnir í augum kommúnistastjórnarinnar í Kína sem áleit óperuna gefa ranga og niðrandi mynd af landinu og því var verkið bannað þar í landi. Seint á tíunda áratug 20. aldar fór hins vegar svo að óperan var sýnd í sjálfri Forboðnu borginni í Peking en sá viðburður var álitinn merki um opnun landsins gagnvart umheiminum.

---

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Tónlist Purcells heyrðist sjaldan á Íslandi framan af 20. öld, en þó flutti nýstofnuð hljómsveit Ríkisútvarpsins leikhústónlist eftir hann árið 1931 undir stjórn Franz Mixa. Einnig fluttu Axel Vold og Páll Ísólsson tónsmíðina Air eftir Purcell á tónleikum í Fríkirkjunni árið 1926. Óperan Dídó og Eneas hefur nokkrum sinnum verið flutt hér á landi: í Langholtskirkju 1990, Nýja tónlistarskólanum 2000, Borgarleikhúsinu 2002, og Salnum í Kópavogi 2012. Líklega hefur hin fræga aría Dídóar hljómað fyrst á tónleikum hér á landi í flutningi Elsu Sigfúss í Trípólíbíói sumarið 1947, og lék móðir hennar, Valborg Einarsson, á píanó.

## Henry Purcell

When I am laid in earth úr *Dido and Aeneas*

**L**ítið fer fyrir enskum barokkóperum í tónlistarsögunni ef óperur Händels eru teknar út fyrir sviga, en margar slíkar samdi Þjóðverjinn í Englandi. Henry Purcell (1659–1695) samdi aðeins eina óperu sem sungin er út í gegn, en hún er fyrirtaks dæmi um tilfinningaríka og fallega barokktónlist og er eins og skínandi perla í enskri tónlistarsögu.

Fátt er vitað um tilurð eða tilgang óperunnar *Dido and Aeneas* en örlög Dídóar, drottningar í Karþagó í Norður-Afríku ná enn að hræra í tilfinningum óperuunnenda. Sagan er sótt í Eneasarkviðu: Drottning og hetja fella hugi saman en ást þeirra kemur ekki í veg fyrir grimmt örlög. Illir andar telja Eneasi trú um að hann skuli halda til hafs út í óvissuna, að skipan guðanna. Buguð af harmi syngur Dídó lokaaríu verksins þar sem hún biður okkur um að minnast sín en gleyma örlögum sínum. Sorgin er átakanleg og nær beint til hjartans tæpum 330 árum eftir ritunartímann.



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Ariur og kórar úr Töfraflautunni heyrðust hér á landi löngu áður en óperan hljómaði í fullri lengd. Til dæmis söng bassasöngvarinn Johannes Fönss aríuna „O Isis und Osiris“ við meðleik Páls Ísólfssonar í Nýja bíói árið 1926, María Markan flutti ariú Næturdrottningarinnar á tónleikum sínum í Iðnó árið 1933 og Útvarpshljómsveitin lék forleik óperunnar undir stjórn Þórarins Guðmundssonar árið 1940. Óperan hefur margoft verið sýnd hér á landi í fullri lengd, fyrst í Þjóðleikhúsinu 1956 (þegar 200 ár voru liðin frá fæðingu tónskáldsins) og alls fjórum sinnum á vegum Íslensku óperunnar (1982, 1991, 2001 og 2011).

## Wolfgang Amadeus Mozart

Der Hölle Rache, aría Næturdrottningarinnar úr *Töfraflautunni*  
Pa-pa-gena...Pa-pa-geno úr *Töfraflautunni*

Eins og á við um fleiri tónskáld á efnisskrá tónleikanna gætu ariur úr smíðju Wolfgang Amadeusar Mozart (1756–1791) haldið uppi efnisskránni í allt kvöld og vel það. Tónlistin rann úr penna hans og í bestu óperum sínum náði Mozart að láta hljómsveitarleikinn styðja fullkomlega við raddirnar sem hann hafði lítið fyrir að tvinna saman. Síðasta ópera hans, *Töfraflautan*, nýtur mikilla vinsælda enda er áhorfendum þar boðið inn í heillandi og furðulegan heim þar sem alls konar verur eru á kreiki.

Aría Næturdrottningarinnar er einhver dramatískasta flugeldasýning tónlistarsögunnar. Reiðin sýður á drottningu þegar hún hótar dóttur sinni Páminu öllu illu ef hún gerir ekki eins og henni er sagt og myrði æðsta prestinn Sarastro. Ariurnar sem Næturdrottningin syngur reyna mjög á söngtækni en það var mágkona Mozarts, Josepha Hofer, sem fyrst tókst á við hlutverkið og tónskáldið virðist hafa vitað upp á hárf hvers hún var megnug.

Dúett fuglafangarans Papagenó og hans heittelskuðu Papagenu er einn dádasti hluti óperunnar, atriði sem býður upp á leikræna tilburði og hjartahreinar ástarjátningar á báða bóga.

## Antonín Dvořák

Söngur til mánans úr *Rusölku*



Hvað gerir vatnads sem verður ástfangin af dauðlegum prins sem er á veiðum í kringum vatnið hennar? Þetta er lykilsurning í óperunni *Rusölku* eftir tékkneska tónskáldið Antonín Dvořák (1841–1904). Þegar óperan var frumsýnd árið 1901 var hugmyndin um tékkóslavneskt þjóðríki að ná flugi og margir þráðu frelsi undan yfirráðum Habsborgarveldisins. Í verkinu leynast fjölmargar vísanir í frelsisþrána, enda er Rusalka föst í álagahlekkjum sem hún þarf að brjóta af sér til að ná ástum dauðlegs manns. Í upphafi óperunnar trúir hún mánanum fyrir ást sinni og biður fyrir kveðju til síns heittelskaða. Óperutónlist gerist sjaldan tilfinningaríkari en þetta.



## Richard Wagner

Pílagrímakórinn úr *Tannhäuser*

Fyrir mörgum er tónlist Richards Wagner (1813–1883) hápunktur óperuhefðarinnar og er tónskáldinu þá oftar en ekki stillt upp gagnvart hinum ítalska Verdi. Í það minnsta komu saman í verkum Wagners allir þeir þræðir sem skipta máli í þessu merka listformi og tónskáldið vildi halda um sem flesta þeirra sjálfur. Áhrif Wagners á tónlistarsöguna eru gríðarleg en einnig má finna dæmi um þau í fjölmörgum öðrum listgreinum. Úr óperunni *Tannhäuser*, sem byggð er á fornum þýskum sögnum um ástir og örlög farandsöngvara, kemur eitthvert glæsilegasta kóratriði tónbókmenntanna, Pílagrímakórinn. Kórinn er lofgjörð til Drottins en hvorki dauði né heljarvist skelfa hina sanntrúuðu. Sigurinn er í nánd og tónlistin túlkar þá von fullkomlega.



## Pietro Mascagni

Intermezzo úr *Cavalleria rusticana*

Óperur eru ekki allar um fyrirmenni og kónga, heldur birtast einnig í þeim hinir hversdagslegu og blásnaudu. Dæmi um þetta má finna í frægustu óperu ítalska tónskáldsins Pietro Mascagni (1863–1945) þar sem íbúar í fábreyttu sikileyksku smáþorpi eru söguhetjurnar. Í verkinu, sem þykir hápunktur raunsæisstefnunnar í ítölskum óperum, kemur fyrir hið ægífagra millispil sem hljómsveitin leikur með svífandi laglínu sem lætur engan ósnortinn.

*Guðni Tómasson*

GIACOMO PUCCINI



# TOSCA

FRUMSÝND 21. OKTÓBER 2017  
Í ELDBORG – HÖRPU

HLJÓMSVEITARSTJÓRI **BJARNI FRÍMANN BJARNASON** · LEIKSTJÓRI **GREG ELDRIDGE**  
TOSCA **CLAIRE RUTTER** · CAVARADOSSI **KRISTJÁN JÓHANNSSON** · SCARPIA **ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON**

ANGELOTTI **ÁGÚST ÓLAFSSON** · SAGRESTANO **BERGPÓR PÁLSSON**  
SPOLETTA **ÞORSTEINN FREYR SIGURÐSSON** · SCIARRONE **FJÖLNIR ÓLAFSSON**  
KÓR OG HLJÓMSVEIT **ÍSLENSKU ÓPERUNNAR**

LEIKMYND **ALYSON CUMMINS** · BÚNINGAR **NATALIA STEWART**  
LJÓSAHÖNNUN **ÞÓRÐUR ORRI PÉTURSSON** · SVIÐSHREYFINGAR **JO MEREDITH**

MÍÐASALA Á OPERA.IS

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. SEPTEMBER 2017

## 1. FIÐLA

Nicola Lolli  
Zbigniew Dubik  
Pálína Árnadóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Pascal La Rosa  
Júliana Elín Kjartansdóttir  
Andrzej Kleina  
Geirþróður Ása Guðjónsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Kolbrún Lovell

## 2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares  
Vera Panitch  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Þórdís Stross  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Ingrid Karlsdóttir  
Hlín Erlendsdóttir  
Roland Hartwell  
Dóra Björgvinsdóttir  
Greta Guðnadóttir

## VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir  
Sarah Buckley  
Þórarinn Már Baldursson  
Kathryn Harrison  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Móeiður Anna Sigurðardóttir  
Vigdís Másdóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Júliana Mogensen  
Lovísa Fjeldsted  
Ólöf Sigursveinsdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Martin Danek  
Óssur Ingi Jónsson  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Ármann Helgason

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Dai Yuan

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Lilja Valdimarsdóttir  
Frank Hammarin

## TROMPET

Einar Jónsson  
Guðmundur Hafsteinnsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley

## PIÁNÓ/CELESTA/ORGEL

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómstjórnari*  
Vladimir Ashkenazy *aðalheildurstjórnandi*  
Osmo Vänskä *heildurstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*  
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



## Á DÖFINNI

FIM 07 SEP 19:30



### PÍANÓKONSERTAR BEETHOVENS

Fáir píanóleikarar hafa hlotið viðlíka lof fyrir túlkun á verkum Beethovens og enski píanistinn Paul Lewis. Lewis leikur alla fimm píanókonserta Beethovens á þrennum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands en á upphafstónleikunum leikur hann fyrsta og fjórða konsertinn. Með konsertunum hljóma tveir fjörugir forleikir eftir Schubert. Stjórnandi Beethoven-hringsins, Matthew Halls, hefur margoft stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands með afburðagóðum árangri.

FIM 14 SEP 19:30



### STEFÁN RAGNAR OG TORTELIER

Stefán Ragnar Höskuldsson er einn þeirra Íslendinga sem hvað lengst hafa náð í heimi klassískrar tónlistar. Um árabíl var hann fyrsti flautuleikari við hljómsveit Metropolitan-óperunnar en gegnir nú sömu stöðu við Sinfóníuhljómsveitina í Chicago. Á tónleikunum leikur Stefán Ragnar konsert Iberts sem er einn vinsælasti flautukonsert allra tíma. Á dagskránni er einnig glæsilegur og kraftmikill konsert fyrir hljómsveit eftir Lutosławski og sínfónía nr. 1 eftir Charles Gounod. Hljómsveitarstjóri er Yan Pascal Tortelier.

FIM 21 SEP 19:30



### FRÖNSK VEISLA

Yan Pascal Tortelier býður til sínfónískrar veislu þar sem flutt verða létt og aðgengileg tónverk frá heimalandi hans. Leiknir verða vinsælir þættir úr verkum Offenbachs, fjörug valsasyrpa eftir Ravel og Lærisevinn galdrameistarans eftir Dukas. Hollensku bræðurnir Lucas og Arthur Jussen, skærustu ungstirni píanóheimsins, sem vöktu mikla athygli fyrir tónleika sína í Hörpu fyrir fáeinum árum, snúa nú aftur til Íslands með einn frægasta tvíkonsert allra tíma í farteskinu, konsert fyrir tvö píanó eftir Poulenc.



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

**Sigrún:** Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphiu.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# 2017/2018



## TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT SINFONIA.IS

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og gott verð. Komdu við í miðasölu Hörpu eða á [sinfonia.is](http://sinfonia.is) og gakktu frá kaupunum.

Miðasala í Hörpu  
[sinfonia.is](http://sinfonia.is)  
[harpa.is](http://harpa.is)  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA